



Hvað er spurnið í opinbera vefi 2013?

Aðgengisgátlisti - framkvæmd úttektar

Úttektin byggir að hluta til á handvirkum prófunum og að hluta sjálfvirkum. Í ár verður stuðst við nýjan gátlista sem byggir á WCAG 2.0 staðlinum. Gátlistinn endurspeglar mismunandi fatlanir notenda og er leitast við að hann taki á þeim atriðum sem mestu máli skipta varðandi skert aðgengi, s.s. blindu, sjónskerðingu, hreyfihömlun, heyrnarleysi o.fl. Vefirnir verða skoðaðir með tilliti til notkunar á skjálesurum en aðgengileg vefhönnun skiptir höfuðmáli þegar kemur að notkun þeirra og endurspeglar því vel hversu aðgengilegur vefur er. Úttekt sem þessi gefur góða mynd af aðgengi vefja og nýtist vel til að bera saman þá vefi sem teknir eru út.

Framkvæmd aðgengisúttektar á opinberum vefjum 2013:

- Farið er yfir forsíðu allra vefja.
- Margmiðlunarmyndband er skoðað (þar sem við á).
- Umsóknareyðublöð eru skoðuð.
- Síðuhlutar eins og töflur, fyrirsagnir og fyrirspurnarform eru skoðuð.
- PDF skjöl eru skoðuð þegar vísað er á þau af forsíðu eða þar sem þau eru notuð til að senda inn fyrirspurnir.
- Farið er yfir html kóða vefjarins á forsíðu og a.m.k. einni undirsíðu.
- ALT textar eru skoðaðir.
- Litaskerpa er skoðuð.
- Færanleiki með hophnappi (TAB) er prófaður.
- Sjálfvirkar prófanir (html kóði, fyrirsagnir o.fl.) verða framkvæmdar með Wave Toolbar (frá WebAIM).
- Litaskerpa er skoðuð með Luminosity Color Contrast Analyser.
- PDF skjöl (s.s. eyðublöð/skýrslur) eru tekin út með PDF Accessibility Checker og Adobe Reader X með skjálesara þar sem þess er þörf.
- Önnur tól sem stuðst verður við eru Worldspace/FireEyes (frá Deque) og Web Developer Toolbar eftir þörfum.
- Áætlað er að um 50% úttektar taki mið af sjálfvirkum prófunum (t.d. html kóði) en um 50% byggir á handvirkri úttekt.

Eins og áður hefur komið fram er stuðst við WCAG 2.0 staðalinn. Þetta er í samræmi við yfirlýsingu stjórnvalda frá október 2012 um að opinberir vefir skuli uppfylla WCAG 2.0 AA frá og með 1. janúar 2015. WCAG 2.0 staðallinn er einnig notaður til viðmiðunar í Bretlandi, Bandaríkjunum, Kanada, Ástralíu, og er grundvöllur aðgengistilskipunar ESB sem enn er í vinnslu.



Sérstakar viðbætur við gáttlistann, umfram WCAG 2.0 staðalinn:

- Þar sem mikið er um PDF skjöl á opinberum vefjum, bæði til að miðla og afla upplýsinga, verður aðgengi slíkra skjala tekið út eftir atvikum.
- Slík skjöl þurfa að vera aðgengileg blindum, sjónskertum og hreyfihömluðum notendum (þ.e.a.s. fólki sem notast við lykklaborð til þess að lesa og slá inn upplýsingar). Miðað er við almennar kröfur WCAG 2.0 staðalsins auk PDF/UA staðalsins (<http://en.wikipedia.org/wiki/PDF/UA>) þar sem við á.
- WAI ARIA (<http://www.w3.org/WAI/intro/aria>) er skoðað sérstaklega í þeim tilfellum sem mest áriðandi er að það sé notað (s.s. þar sem um er að ræða sérhannaða viðmótshluta (widgets) og Javascript eða CSS koma í stað HTML viðmótshluta).

Að auki fást aukastig fyrir eftirfarandi:

- Skoðað er hvort í boði séu stillingar til að stækka letur og breyta bakgrunnslit fyrir lesblinda notendur og notendur með skerta sjón.
- Skoðað er hvort í boði sé íslenskur veflesari en slík þjónusta gerir lesblindum og sjónskertum notendum (þ.m.t. öldruðum) kleift að hlusta á efni vefjarins.